


Íslendingabættir

Dánarminning: Sigurgeir Jónsson, söngkennari

„Sjá vildi ég þúsund þína maka — þegar ungur varst — undir Íslands merki!

Þá mundi hreystin halda sæti, satt heita satt, þótt sýndist tapa, rétt heita rétt, þótt rengdu margir...“
(M. J.)



Merkur menningarfrömuð-ur og öndvegis heimilisfaðir kvaddi þennan heim í svefni norður á Akureyri aðfaranótt 4. þ. m., nærfellt 88 ára að aldri. — Sigurgeir Jónsson söngkennari er látinn.

Að ætt og uppruna var hann Þingeyingur, fæddur á Stóruvöllum í Bárðardal 25. nóv. 1866, sonur Jóns Benediktssonar, bónda þar og söðla smíðs, og konu hans Aðalbjargar Pálsdóttur. Þau bjuggu langan aldur á þessu höfuðbóli.

Snemma bar á því, að Sigurgeir var mjög hneigður fyrir söng og hljómlist alla, en jafnframt var hann hágur á allt, er hann tók höndum til, svo að segja mátti, að allt léki í höndum hans. — Brauzt hann í því af litlum efnunum að fara til Reykjavíkur og dveljast þar vetrarlangt til þess að læra hljóðfæraleik hjá frú Önnu Petersen, móður dr. Helga Pjeturs, og róm aði Sigurgeir mjög kennslu hennar. Var hann þá hálf þritugur, er suður fór, en skömmu eftir ferminu var hann vetrartíma að námi hjá hinum alrunna fræðimanni, Guðmundi Hjaltasyni, en hann hélt þá skóla í Laufási við Eyjafjörð. Annars skólánáms en þessa naut Sigurgeir ekki um ævina, en hann var eigi að síður nemandi til ævi loka. Hann var sí og æ að nema, og taldi hann það skyldu sína að göfuga og Hefi ég vart þekkt svo námsáttan, hleypidómalaus og mennta hug og hjarta.

Alla ævi stóð hugur hans opinn öllu fögru og góðu. Þessækinnt mann sem Sigurgeir sáluga. — Það fékk mjög á hann, ef hann sá menn stjögja á birtuna og vera hanna tregðu og tómlæti, einum ef það voru þeir, sem teki höfðu að sér að vera lektorar æskulýðsins. Sigurgeir var ljóst, að eitrunautnir og óhóf brugga mannfólk frá löngum margs konar ógættu og eigi svo sjaldan bana ræð. Þótti honum í meira lagi raunalegt, er hann sá skóla og kirkju láta sér fátt um síð starstarf finnast í þjóðfélaginu.

Það var hjart yfir Sigurgeiri, hvort sem hann sat við hljóðfærið, vann að smíðum, stóð við orðið, ræktaði garðinn sinn, stjórnaði söngflokki eða er hann talaði við vini sína. Hann var sannkallaður vormaður fram í dauðann, og hann hafði líka óbilandi trú á því, að framundan biði sum ar dásemdanna á Iðavöllum eilífðarinnar öllum þeim til handa, sem á hævistardögum sínum hefðu lagt stund á fagurt mannlíf. Hann kenndi í

brjósti um alla þá, sem lenda á glapstígum og vildi hjálpa þeim, sem bezt hann gat. Forðaði hann mönnum frá því, eftir því sem það er mögulegt með fordæmum, því að hann vísaði rétta leið með fögru for dæmi. Ég man eftir honum einu sinni sem oftast heima hjá þeim hjónunum á minnis verðum tímamótum ævi hans. Þar sátu þekkin með honum sjö synir hans, og voru þeir allir og eru enn bindindismenn, eins og faðir þeirra. Það væri öðru vísi umhorfs í Íslands byggðum og bæjum í dag, ef margir heimilisfeður hefðu lagt slíkan skerf fram til „gróandi þjóðlífs“ sem Sigurgeir Jónsson, en því dreg ég afstöðu hans til bindismálsins inn í þennan minningabátt, að hinn látni vinur minn taldi það ævihnót sitt að hafa lagt sig fram um að bæggja áfengum drykkjum og öðru því, er dregur þjóðina niður, burt frá mönnum. Því myndi hann sízt vilja láta sleppa í æviminningu sinni.

Ég átti því láni að fagna að eiga samleið með Sigurgeiri sáluga um 36 ára skeið í höfuðstað Norðurlands, og það get ég sagt með sannni, að þar átti ég góðan samherja. Með honum var hugljúft að vera. Góðum félagskap var hann stoð og stytta. Heima í ættbyggð sinni varð hann snemma forsöngvari og organleikari og stofnaði söngflokk. Var mjög til þess tekið, hversu vel Sigurgeiri tókst á aldamótahátíð Þingeyinga að Ljósavatni, en þar stjórnaði hann söngflokki sínum, og hefi ég heyrt marga ágæta söng þeirra félaga undir stjórni Sigurgeirs.

Konu sína, Júlíönu Friðriku Tómasdóttur, missti Sigurgeir síðast lífið ár, og höfðu þau þá átt gullbrúðkaup fyrir nokkrum árum. En þau giftust í Lundarbrennkirkju 25. júní 1895. Þjuggu þau 10 ár á Stóruvöllum og varð þar fjögurra barna auðið, flúttust þaðan til Akureyrar 1904 og áttu þar fimm börn. Lifa sjö synir og ein dóttir, og er það fríður flokkur og giftusamlegur, en eina dóttur misstu þau hjónin.

Hálfa öld hafði Sigurgeir átt heima á Akureyri, og sannarlega hafði hann gert þar garðinn frægan. Kirkjuorganleikari var hann þar 30 ár samfleytt. Söngkennslu og hljóðfæraleik stundaði hann

Erfitt tíðarfar til heyskapar í Strandasýslu í sumar

Heybirgðir þó í meðallagi vegna fyrninga frá síðastliðnum vetri

Frá fréttaritara Tímans í Trékyllisvík, 4. nóv. Tíðarfar var hér mjög óhagstætt í sumar til heyskapar. Allan júlímánuð voru sífelld votviðri, svo hey nýttust ekki, og lítið sem ekkert var hirt í þeim mánuði. — Þessi votviðri héldust allt sumarið fram á haust, að undanteknum þeim átta samfelldu þurrkdögum, sem komu dagana 14.—21. ág.

Heyskapur á þessu sumri er yfirleitt rýr og heyin hrak in og illa verkuð. Útheyskapur hefir aldrei orðið jafn lítill hér og nú, og á nokkrum bæjum enginn. Heybirgðir munu þó vera í meðallagi og er það að þakka fyrningum frá s.l. vetri og votheysverkun, sem verður að teljast mikil og almenn miðað við heymagnið.

Erfið haustveðráttá.

Haustveðráttan hefir verið mjög slæm, hefir snjóað öðru hvoru síðan um miðjan sept., en þýtt upp stöku sinnum á láglandinu, en snjór legið stöðugt á fjöllum.

Í verstu snjó- og illviðris-

hrinunum hefir orðið því nær haglaust fyrir sauðfé, en þó ekki tekið á hús fyrr en nú. Kýr komu á gjöf fyrir 20. september og hafa ekki verið látnar út síðan.

Gæftir á sjó hafa verið stopular, en afli nokkur, þegar á sjó hefir gefið.

Dilkar rýrir.

Dilkar voru nú allmiklu rýrari, en undanfarin ár. Var meðalkroppþungi dilka á Norðurfirði nú 13.4 kg. Er það rúmum kíló minna en í fyrra. Alls var slátrað hjá Kaupfélagi Strandamanna á Norðurfirði 1714 dilkum, eða um 300 fleiri en í fyrra.

G.P.V.

Kópavogssöfnuði gefin sérstæð altarisstafla

Hinn kunnir myndskurðar maður Wilhelm Beckmann, Borgarholtsbraut 28 í Kópavogi, kvaddi fyrir fáum dögum sóknarprest og formann sóknarnefndar Kópavogssóknar á sinn fund. Tilfnið var að afhenda sem gjöf til væntanlegrar Kópavogskirkju altarisstöflu, sem lista maðurinn hefir gert.

Tafla þessi er að minnum dómi hinn mesti kjörgripur, sem halda mun nafni gefandans lengi á lofti, enda gerð hennar næsta einstæð allt frá síðaskiptum.

Hún er gerð úr maghoni- viði og skorin út af geysihag leik. Efni myndarinnar er niðurtækning Krists af krossinum (Sjá Mrk. 15.6n og hlíðst.). Sýnir andvana líkama Krists og þrjár konur, sem veita honum umbúnað. Áhrifunum verður að sjálf-

þar alla sína tíð með sömu árvegni og starfsgleði. Einnig fékkst hann löngum við búskap, kartöflurækt og trjárækt, las mikið um hugðar- efni sín og rækta félagsskyldur sínar, svo að af þar. Heimili sítt annaðist hann með ágætum. Þar var oft gert mikið úr litlu, er börnin voru í ómegð og tekjurnar ærið rýrar, en framúrskarandi ráðdeild. iðni og dugnaður beggja hjónanna barg öllu hellu í höfn. Utan heimilis vann Sigurgeir oft, bæði að smíðum og öðru, en þrátt fyrir þrotlausu vinnu og slys, er hann varð fyrir á efri árum, entist honum góð heilsa ævilangt, trú á Guð, bjartsýni og ást á lífinu.

... .hóglega sem himinróðull laukstu lífi, eins og lifað hafðir.

Fagur og fólksvalaus friðargeisli hneig í haf.“

(M. J.)

Jarðarför Sigurgeirs Jónssonar fer fram í dag á Akureyri. Brynleifur Tobiasson.



HANSA gluggatjöldin

eru frá

HANSA H.F.

Laugaveg 105 Sími 8 15 25

Snjókedjur

fyrirliggjandi í eftirtöldum stærðum:

550×15
590×15
575×15
760×15
890×15
475×16
500×16
525×16
575×16
600×16
650×16
750×16
600×17
750×17
750×20

Rafgeymar og alls konar bifreiðavörur.

Sendum um allt land gegn póstkröfu.

COLUMBUS H.F.

Brautarholti 20

Símar 6460 og 6660

Brúnn hestur

tapaðist í maí sl. vor, skafla jarnaður. Mark: Gagnbitað hægra og sneitt aftan vinstra. Þeir, sem kynnu að hafa orðið hestsins varir, eða vita hvar hann er, eru beðnir að hringja í síma 1000 (n.r. 13) til Filippusar Guðmundssonar Selási.

Auglýsið í Tímanum



Ívar Hlújárn

Falleg útgáfa

með 204 myndum.

Fæst hjá bóksötum.

H.f. Leiftur